



Félag háskólakennara

**9. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn miðvikudaginn 2. desember 2015, kl. 12, í Bændahöllinni, kl. 12:00.**

**Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson og Michael Dal. Berglind Rós Magnúsdóttir, og Ármann Höskuldsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.**

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 4. nóvember 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 8. nóvember 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
3. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 10. nóvember 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
4. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 17. nóvember 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
5. Að lokinni kjarasamningsgerð.
6. Erindi félagsmanns til stjórnar dags. 14. október sl., vegna úttektar á matskerfi opinberu háskólanna.
7. Viðhorfskönnun á meðal félagsmanna.
8. Funda- og kynningarmál félagsins til vors 2016.
9. Jólamatúr.

#### **1. – 4. Fundargerðir, 4. nóv., 8. nóv., 10. nóv. og 17. nóv. 2015.**

Allar samþykktar og til birtingar á heimasíðu félagsins.

#### **5. Að lokinni kjarasamningsgerð.**

Formaður sagði frá því að kynningar um nýjan kjarasamning hefðu gengið vel og verið fjölmennar bæði í sal og á streymi. Fundarmenn óskuðu eftir ýmsum skýringum og virtust ánægðir með niðurstöðuna.

Kosning um kjarasamninginn var einnig mjög góð, þar sem tæp 58% þeirra sem voru á kjörskrá tóku þátt og af þeim samþykktu um 92% nýjan kjarasamning.

Það urðu hins vegar mikil vonbrigði að ekki skuli hafa tekist að greiða samkvæmt nýjum kjarasamningi 1. desember sl. eins og SNR hafði lofað. Félagið hefur ekki fengið viðunandi skýringar á þessum drætti.

Félagið hefur unnið að nýjum stofnanasamningum við Árnastofnun, Raunvísindastofnun og Keldur. Þeirri vinnu miðar mjög vel og til að mynda var skrifað undir nýjan stofnanasamning við Árnastofnun þann 27. nóvember síðastliðinn.

Þá hefur stjórnarmaður í FPR haft samband við formann félagsins og óskað eftir því að félögin vinni saman í því að skoða og greina mat á kennslustundum til vinnustunda og starfsskyldur akademískra starfsmanna almennt.

## **6. Erindi félagsmanns til stjórnar félagsins dags. 14. október sl., sjá meðfylgjandi.**

Framkvæmdastjóri mun óska eftir upplýsingum frá Vísinda- og nýsköpunarsviði vegna liða i og ii.

Þá ákvað stjórnin að gera almenna viðhorfskönnun meðal félagsmanna um vinnumatskerfið. Með því móti væri hægt að kalla eftir göllum og kostum við kerfið og koma þeim ábendingum til nefndar sem er að skoða matskerfi opinberu háskólanna.

Ákveðið var að könnunin verði send til félagsmanna í janúar næstkomandi.

## **7. Viðhorfskönnun á meðal félagsmanna.**

### **8. Funda og kynningarmál félagsins til vors 2016.**

Formaður ræddi þann möguleika hvort ekki ætti að nýta tækifærið sem felst í því að senda könnun á félagsmenn og hafa hana víðtækari þar sem hægt væri að spyrja ýmissa spurninga um viðhorf til félagsins almennt. Málið rætt og stjórnarmenn tóku mjög vel í þessa hugmynd. Meðal annars kom sú hugmynd fram hvort ekki væri rétt að spyrja um hvort vilji væri til þess að hafa alla akademíska starfsmenn saman í einu stéttarfélagi.

Þá var því einnig velt upp hvort rétt væri að fá óháðan aðila til að gera úttekt á kostum þess og göllum að allir akademískir starfsmenn væru í einu stéttarfélagi. Þetta er málefni sem brennur á mörgum og gott væri að fá óháðan aðila t.d. frá ráðgjafafyrirtæki eða endurskoðunarfyrtæki, sem skoðaði og greindi kosti þess og galla. Málið rætt og allir stjórnarmenns sammála því.

Ákveðið var að drög að spurningarlista vegna viðhorfskönnunar myndi liggja fyrir á næsta stjórnarfundum. Framkvæmdastjóri gerir drög að spurningarlista og mun senda á stjórnarmenn sem koma með ábendingar og frekari útfærslu. Þegar útkoma viðhorfskönnunarinnar liggur fyrir myndi stjórn skipuleggja kynningarfundum á meðal félagsmanna.

Ákveðið var að senda póst á félagsmenn þar sem þeim yrði gefinn kostur á því að koma með tillögum að spurningum í viðhorfskönnunina.

## **9. Jólamatur.**

Ákveðið var að fara í jólamat mánudaginn 21. desember nk.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:30.